



Ályktun Aðalfundar Tannlæknafélags Íslands 10.nóvember 2011.


- Í kjölfar nýrrar skýrslu ráðgjafahóps velferðarráðherra um skipulag heilbrigðisþjónustu á Íslandi, skorar Tannlæknafélag Íslands á Velferðarráðherra að taka af skarið í tannheilsumálum. Enn er beðið eftir nýrri heilbrigðisáætlun til ársins 2020, en engar áætlanir hafa verið settar fram af hálfu stjórnvalda til að bæta tannheilsu þjóðarinnar þótt ærin ástæða sé til. Tannlæknafélag Íslands hefur sent stefnumótun um bættu tannheilsu barna til ráðuneytisins, en tillögurnar hafa legið þar á borði í hátt á annað ár.
- Útgjöld ríkisins vegna tannlækninga barna, ellilífeyrisþega og öryrkja hafa hækkað um 2% á nítján ára tímabili, frá árinu 1991 til ársins 2010. Á sama tíma hefur verðlag á Íslandi hækkað um 134%. Er þetta líklega einsdæmi í heilbrigðiskerfinu og þurfa stjórnvöld að útskýra hvers vegna munnheilsan er gerð hornreka í heilbrigðiskerfinu.
- Tannlæknafélag Íslands undrast tómlæti stjórnvalda undanfarin ár á málefnum þrátt fyrir niðurstöður rannsókna á tannheilsu Íslendinga og viðvaranir þeirra sem best þekkja til. Tannlæknafélagið hefur sett upp á myndrænan hátt tölulegar upplýsingar sem koma fram í ársskýrslum og staðtölum Tryggingastofnunar ríkisins og Sjúkratrygginga Íslands. Vonandi verða þessar upplýsingar til þess að velferðarráðherra taki af skarið og komi tannheilsumálum í viðunandi horf.




Tannlæknafélag Íslands

Icelandic Dental Association

Þróun útgjalda TR 1991-2009



Hlutfallsleg þróun útgjalda TR 1991-2009






Tannlæknafélag Íslands

Icelandic Dental Association

Hlufallsleg þróun útgjalda TR 1994-2009



Þróun útgjald TR 1994-2009 í milljónum króna

